

Inngangur að viðskiptafræði 1 (INN2A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Farið verður yfir grundvallaratriði og hugtök í bókfærslu, bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga, t.d. merkingu og færslu bókhalds. Einnig verður farið yfir uppsetningu rekstrar- og efnahagsreikninga.

Forkröfur

Grunnskólapróf.

Prep

Áfanginn er á 2. prepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- efnahagsjöfnunni
- grunnhugtökum í bókfærslu, s.s. debet, kredit, eignir, skuldir, gjöld og tekjur
- tvíhliða bókhaldi og almennum bókhaldsreikningum
- eðli bókhaldshringrásarinnar þ.e. frá því að bókað er í dagbók, fært yfir í aðalbók og að lokum eru efnahags- og rekstrarreikningar búnir til
- T-reikningum, launabókhaldi, FOB og CIF skilmálum, fylgiskjölum, álagningu og vöxtum
- reglum reikningsskilaráðs

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flokka færslur og skilgreina sem eignir, skuldir eða eigið fé og sýna áhrif færslu á efnahagsjöfnuna
- bóka dagbókafærslur og færa yfir í aðalbók
- búa til efnahags- og rekstrarreikninga
- reikna út birgðastöðu út frá álagningu

- reikna og bóka launakostnað
- nýta reglur reikningsskilaráðs þegar fært er til bókar
- líta gagnrýnum augum á tölulegar upplýsingar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bóka hefðbundið bókhald fyrir lítið fyrirtæki
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með þau
- skrá lausnir sínar skipulega, skipts á skoðunum við aðra um þær og útskýrt hugmyndir sínar
- beita gagnrýnni og skapandi hugsun og sýnt frumkvæði og innsæi við lausnir
- beita skipulegum aðferðum við að leysa úr viðfangsefnum, s.s útfrá þekkingu á lausnum svipaðra dæma, unnið til baka frá þekktum stærðum eða með því að setja upp jöfnur (t.d. þegar unnið er með birgðir)

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og munnlegu lokamati sem gildir til lokaéinkunnar.